

Fullveldi og fullveldisréttur

Réttur til rafmagns og landgæða

Kári skrifar

11. júní 2023

Fullveldi og framsal þess

- Fullveldishugtakið - Rétturinn til þess að ráða sér sjálfur
- Fullveldi hefst hjá einstaklingum sem mynda ríki
- Fullveðja einstaklingar hafa vilja til þess að mynda fullvalda ríki
- Sjálfsákvörðunarréttur
- Mótsagnir þeirra sem vilja „ráða eigin líkama“ en skeyta ekkert um sjálfræði og sjálfstæði í stærra samhengi
- Getur fólk „ráðið eigin líkama“ í ófullvalda ríki?
- Fer ekki saman sjálfstæði einstaklinga og ríkja?
- Gera má kröfu um það að fólk sé sjálfu sér samkvæmt
- John Stuart Mill: frelsi manna nær að mörkum frelslis annara
- Framsal fullveldis í síauknum mæli

EES-samningurinn

- 1 Alþingi samþykkti aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1992
- 2 Samningurinn felur í sér yfirþjóðlegt vald í málefnum innri markaðarins
- 3 Innleiðing reglugerða og tilskipana ESB felur í sér afsal fullveldis

Bókun 35

- 1 Hún var innleidd sem lögskýringarregla og kemur fram í 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið
- 2 Kveður á um það að ef (þegar) árekstur verður á milli ákvæða Evrópuréttar og innlendra laga skuli Evrópuréttur hafa forgang
- 3 Ráðherrar afbaka málið og segja það snúast um rétthæð á milli innlendra laga innbyrðis
- 4 Evrópuréttur verður áfram Evrópuréttur þótt hann hafi verið innleiddur með íslenskri lagasetningu á Alþingi

Forgangur Evrópuréttar

Forgangsregla Evrópuréttar á rót að rekja til dóma Evrópudómstólsins frá því í byrjun sjöunda áratugarins. Þeir eru: mál 26/62 *NV Algemene Transport-Expedite Onderneming Van Gend en Loos v Nederlandse Administratie der Belastingen* (1963) og mál 6/64 *Flaminio Costa v ENEL*. Evrópudómstóllinn hefur síðan staðfest regluna í fleiri málum. Þar má nefna: *Internationale Handelsgesellschaft mbH v Einfuhr- und Vorratsstelle für Getreide und Futtermittel* (Mál 11/70); *Amministrazione delle Finanze dello Stato v Simmenthal SpA* (Case 106/77); *Marleasing SA v La Comercial Internacional de Alimentacion SA* (Mál C-106/89).

Ætlun Alþingis

Ætlun Alþingis er að festa í sessi forgang Evrópuréttar gagnvart íslenskum rétti. Með því fær Evrópuréttur aukið vægi. Sumir stjórnámálamenn eru í afneitun og segja málið öðruvísi vaxið en það er. Þegar þeir fullyrða að engin breyting felist í lögfestingu forgangsreglunnar fara þeir með ósannindi. Forseti lýðveldisins á ekki og má ekki staðfesta lög sem brjóta gegn íslenskum fullveldisrétti og stjórnarskránni. Ekki verður annað séð en að skipulega sé unnið að inngöngu Íslands í Evrópusambandið - „bakdyramegin“. Dæmi um það eru orkupakki þrjú og nú bókun 35. Alltaf er beitt sömu „rökum“ um að innleiðingarnar skipti engu máli. Eftir stendur spurning vegna þversagnar sem þarna er fólgin: hvers vegna er þá verið að innleiða?

Ríkisvaldið er innlent samkvæmt stjórnarskránni

Þriggreining íslensks ríkisvalds er skýr skv. 2. gr. í íslensku stjórnarskránni. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið, forseti og ríkisstjórn með framkvæmdavaldið og dómarmar með dómvaldið. Það er engin heimild í stjórnarskránni til þess að framselja íslenskt ríkisvald, hvorki í heild né þútum. Í X. kafla alm.hgl nr. 19/1940 með sðari breytingum er fjallað um landráð. Þar segir í 86. gr.: „Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenska ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða ævilangt.“

Orkupakki þrjú

- 1 Áhersla á millilandatengingar - flutning raforku á milli ríkja - yfir landamæri
- 2 Frekari kröfur um aðgreiningu framleiðslu og dreifingar rafmagns
- 3 Enn frekari markaðsvæðing orkumálanna
- 4 Stofnun embættis Landsreglara Evrópusambandsins [ACER]
- 5 Krafa um uppskiptingu (unbundling) á að minnsta kosti einu af þremur sviðum: eignarhalds; reksturs og flutnings
- 6 Krafa um sjálfstæða kerfisstjóra - að sjálfstætt fyrirtæki annist rekstur, viðhald og fjárfestingar innan dreifikerfis raforku
- 7 Krafa um sjálfstæða flutningskerfisstjóra

Áhrif orkupakkans

Haustið 2019 afsalaði Alþingi hluta af íslensku fullveldi (ríkisvaldi) til alþjóðlegrar stofnunar, enda þótt engin heimild sé til slíks í stjórnarskránni. Þjóðin var ekki spurð á lits. Markmiðið er að gera rafmagn, framleiðslu og dreifingu, að viðfangi braskara og fjárglæframanna, allt undir yfirskini „neytendaverndar“. Með innleiðingunni fylgir „snjallmælavæðing“, Landsreglari ESB á Íslandi í orkumálum (áður Orkumálastjóri) og stórhækkað raforkuverð fyrir almenning og fyrirtæki. Uppspretta „orkumiðlarar“ sem selja almenningi það sem hann á nú þegar enda eru auðlindir þjóðarinnar sameign hennar, þótt ekki sé það tryggt í stjórnarskránni. Hér má hafa til hliðsjónar lög nr. 73/1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar segir í 1. mgr. 1. gr.: „Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.“

Framsál fullveldis og eiginhagsmunir

- 1 Fullveldið er talið hindrun í vegi alþjóðavæðingar
- 2 Fullveldi er í huga sumra söluvara, í skiptum fyrir persónulegan ávinning
- 3 Ýmsir stjórnámamenn tilbúnir að framselja fullveldi ef þeir telja sig hagnast á því sjálfir
- 4 Undirlægjur á Alþingi gera lítið úr gildi fullveldis og reyna þannig að búa í haginn fyrir aðild Íslands að ESB
- 5 Suma stjórnámamenn dreymir um stöður innan stofnana ESB eða Sameinuðu þjóðanna
- 6 Háskólar fastir á „öngli“ ESB í gegnum rannsóknarstyrki Sambandsins

Réttur til rafmagns

Nýlega var rætt við Landsreglara ESB [ACER] á Íslandi, Höllu Hrund Logadóttur. Þar lýsi hún þeirri skoðun sinni að tryggja þurfi almenningi aðgang að rafmagni. Ummælin komu sumum á óvart og vöktu vafa-laust aðra til vitundar um stöðu almennings í hinu nýja kerfi markaðs-væddra raforkumála. Rafmagn er ekki markaðsvara og fellur illa að markaðslögmálum. Það er yfirleitt afhent um sameiginlegt netkerfi og fylgir eðlisfræðilögmálum frekar en samningsbundnu fyrirkomulagi. Ekki er hægt að úthluta framleiðslu frá tiltekinni virkjun til ákveðins viðskiptavinar nema bein tenging sé frá virkjun til notanda. Almennur notandi getur ekki greitt sérstaklega til þess að tryggja sér nægt fram-boð á raforku. Þegar afköst eru aukin í raforkuframleiðslu, til að mæta aukinni eftirspurn, kemur það ekki einungis fáeinum notendum til góða heldur öllum sem tengjast viðkomandi raforkuneti.

Markaðsvæðing ógnar rétti almennings

Markaðsvæðing rafmagns leiðir til miklu hærra verðs fyrir almenning og fyrirtæki. Það sýnir reynslan frá Noregi og frá öðrum Evrópuríkjum. Það sýnir einnig reynslan frá Bandaríkjunum. Þjónustan versnar og verðið hækkar. Markaðsvæðing tekur á sig mismunandi myndir. Sú sem Íslendingar þekkja hvað best byggist á ránsvæðingu. Eigur almennings eru færðar frá honum og til braskara og fjárglæframanna, undir þeim formerkjum að það sé svo hagkvæmt og allir muni græða. Það er rangt: almenningur tapar stórfé, um langa framtíð, en braskararnir hirða ávinninginn (sem oft er gríðarlegur). Markaðsvæðingu rafmagns fylgir vaxandi orkufátækt þar sem útgjöld til rafmagnskaupa verða æ stærri liður í útgjöldum heimila.

Einkavæðingartilburðir Landsvirkjunar

Ríkisútvarpið heldur ekki uppi gagnrýnni umfjöllun um orkumálin. Það besta sem kemur úr þeirri átt eru ágætir pistlar Gísla Kristjánssonar í Osló. Inn í kvöldfréttir sjónvarpsins slysaðist þó sú frétt nýlega að Landsvirkjun hefði útvistað heildsölu á rafmagni til fyrrum starfsmanns Landsvirkunar og eiginkonu hans. Fyrirtækið nefnist Vonarskarð. Þarna er smám saman að koma fram byrjun á þeirri martröð sem vænta má í raforkumálunum. Oft er byrjunin sú að hola fyrirtækin að innan, þar til ekkert er eftir nema „skurnin“. Allt miðar þetta að markaðsvæðingu, eftir forskrift orkupakka Evrópusambandsins. Barnalegir alþingismenn virtust halda að umbreytingin yrði öll á einni nóttu, ef hún yrði á annað borð. Þegar það gerðist ekki drógu þeir þá röngu ályktun að engar afleiðingar yrðu. Þetta á t.d. við um ýmsa þingmenn pírata. Aðrir vissu vel hverjar afleiðingarnar yrðu en þeim var nákvæmlega sama um þjóðarhagsmunni. Eiginhagsmunir voru í fyrirrúmi.

Keyptir stjórnámamenn?

Íslenskir stjórnámamenn eru oft mjög fljótir að skipta um skoðun. Margir lýstu efasemdum um ágæti orkupakka þrjú þegar hann var í farvatninu. Þar á meðal var ráðherra Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson. Þeirri spurningu er enn ósvarað hvað olli algerum sinnaskiptum ráðherrans. Stefna hans breyttist um 180° í málinu og hann studdi það þegar nær dró og talaði mjög með því. Sama á við um ýmsa þingmenn. Fjölmiðlar hafa aldrei gengið hart að þessu fólki og spurt það af fullri einurð hvað olli sinnaskiptum þess. Alþingi líkist meira brúðuleikhúsi en löggjafarsamkundu. Laun þingmanna og embættismanna hækka en almenningur sakaður um að valda verðbólgu. Reynt að koma því inn hjá almenningi að laun hans hækki verðbólgu. Af því eiga menn að gagnálykta að laun innan valdaklíkunnar valdi ekki hækkun verðbólgu.

Kolefnisskattar á flug

Ráðherrar í hópi sjálfstökufólksins á Alþingi birtust nýlega í fjölmiðlun og fögnuðu meintri undanþágu frá kolefnissköttum Evrópusambandsins vegna flugs. Fjölmiðlar endurómuðu blekkinguna. Þarna er einungis um tímabundna „undanþágu“ að ræða sem skiptir í raun og engu máli í stóra samhenginu. Eftir stendur að málið er allt í hnút og lausn ófundin. Enn og aftur var logið að þjóðinni og fólk látið halda að „undanþága“ hefði fengist. Flestir í íslensku valdaklíkunni segja aldrei satt, það ætti að vera löngu ljóst.

Almannagæði

Hugtakið almannagæði (Public goods) merkir í skilningi hagfræði, að allir hafi aðgang að ákveðnum þjófélagsgæðum. Notkun eins er þá ekki talin útiloka notkunarmöguleika annars. Notkun þjóðvega er t.d. stundum felld undir þetta. En undir almannagæði má tvímælalaust einnig fella rafmagn. Nútímasamfélög byggja algerlega á notkun rafmagns. Það er sama hvert litið er. Samgöngur byggja víða á rafmagni [háspennu], t.a.m. sporvagnar, lestir (hraðlestir). Tölvukerfi og heimilistæki (flest rafdrifin) virka ekki án rafmagns. Greiðslukerfi nútímans byggja á rafmagni og svo mætti lengi áfram telja. Braskvæðingin gengur gegn hagsmunum almennings. Stjórnlaus markaður tekur við af skynsamlegri stefnu í raforkumálum. Má þar nefna grundvöll þess að Landsvirkjun var stofnuð árið 1965. Engin raunhæf samkeppni fylgir braskvæðingunni. Niðurstaðan, t.d. í Bretlandi, sýnir að það sem áður var kallað ríkiseinokun breytist í fákeppni örfárra aðila sem síðan okra á almenningi.

Framsál á fullveldisrétti í heilbrigðismálum til WHO

Þann 9. febrúar síðastliðinn mælti heilbrigðisráðherra fyrir frumvarpi til nýrra sóttvarnarlagana. Á heimasíðu Stjórnarráðsins er málið kynnt sem „framfaramál“. Það sýnist þó snúast um allt annað en „framfarir“. Í raun er verið að styrkja erlent, yfirþjóðlegt vald. Þar vegur þungt heilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar [WHO]. Engin vitræn umræða hefur farið fram á Alþingi, að heitið geti, um það mál. Þetta er eitt af þessum „færibandafrumvörpum“ sem fela í sér sívaxandi fullveldisafsál. Þegar allt fullveldið verður farið mun Alþingi ekki lengur hafa neitt vald eftir til þess að leggja fram frumvörp. Eigi fólk að ráða „eigin líkama“ hlýtur það og að ná til bólusetninga, s.s. vegna SARS-CoV-2 veirunnar. Ríkisvaldið getur ekki framselt hluta mannréttinda borgaranna til alþjóðlegra stofnana. Mannréttindi eru í eðli sínu persónubundin réttindi, sum frá fæðingu önnur „áunnin“.

Skerðing á hugsana- og tjáningarfrelsi

Skerðing hugsunar- og tjáningarfrelsis ætti að valda fólki áhyggjum. „Góða fólkið“ í Þjóðfélaginu hefur tekið sér það vald að skilgreina og ákveða fyrir aðra hvað má hugsa og hvað má ekki hugsa; hvað má segja og hvað má ekki segja. Enn fremur, hvað má skrifa og hvað má ekki skrifa. Sá sem brýtur gegn banni „góða fólksins“ má búast við uppsögn eða jafnvel því að verða lýstur „skógarmaður“. Siðferði „góða fólksins“ stendur ofar lögum Guðs og manna. „Góða fólkið“ á RUV skilgreinir hvað eru fréttir og hvað ekki. Það flytur ekki fréttir ef þær teljast brjóta gegn rétttrúnaði „trúleysingjanna“ sem stýra för á Íslandi. Hjarðeðlið er allsráðandi og kæfir alla gagnrýna hugsun. Skoðun er ekki niðurstaða vandlegrar athugunar heldur eitthvað sem menn tileinka sér (og verða að tileinka sér til að verða ekki reknir). Innan ESB þykir ritskoðun sjálfsgöð og eðlileg. Það birtist t.d. í löggjöf Sambandsins um stafræna miðlun.

Gagnrýni stimpluð sem „hatursorðræða“

Valdsæknir stjórnámamenn, og fjölmiðlar sem þeim fylgja að málum, eru mjög uppteknir af meintri „hatursorðræðu“. Hugtakið er í raun notað yfir umræðu sem stjórnvöldum líkar ekki og gengur gegn valdinu. Þetta er aðferð valdsins til þess að útiloka ákveðnar skoðanir, miðlun og birtingu þeirra. Skoðanir „góða fólksins“ eru þær einu réttu. Mildi og manngæska endurspeglast í orðum þess. Þeir sem ekki sjá það eru uppfyllir af „hatrí“ og „mannfyrirlitningu“ og skoðanir þeirra skal bannfæra. Evrópusambandið gefur tóninn og Alþingi reynir að gaula með. Ástandið í ýmsum ríkjum er farið að líkjast ískyggilega ástandinu í Evrópu á fjórða áratug síðustu aldar. Íslenskir stjórnámamenn, sumir prófessorar, og fjölmiðlafólk þykjast sjá einhverja „pópúlista“ í öðrum ríkjum. Þeir eru helst sagðir ógna lýðræði. Helsta ógnin við lýðræði kemur hins vegar frá þessu sama fólki sem gagnrýnir aðra fyrir „pópúlisma“. Það er sama fólkið sem t.d. leggst gegn þjóðaratkvæðagreiðslum.

Frjálsir einstaklingar í fullvalda ríki

Einstaklingar og ríki eru sín hvor hliðin á sama peningi. Við Kristnitökuna, árið 1000 (eða 999) gekk Þorgeir Ljósveitningagoði út frá því að á Íslandi skyldu ríkja ein lög og einn siður. Enn fremur, að yrðu lögín slitin sundur þá væri friðurinn úti. Þetta er enn í fullu gildi. Það er grundvallaratriði í réttarríkjum nútímans að bærileg sátt ríki um réttarskipan ríkisins. Séu málin skoðuð í þessu ljósi má segja að friðnum sé ógnað með tví- eða margskiptu réttarkerfi, þar sem lögum Evrópusambandsins er jafnvel ætlað að hafa meiri rétthæð en innlendum rétti (sbr. bókun 35). Um það verður tæplega sátt. Í Englandi hefur það t.a.m. viðgengist að sharia-dómstólar dæmi í ákveðnum málum (einkum á sviði sifjaréttar, þ.e. fjölskyldumálum). Það er umdeilt. Sjá t.d.: <https://petition.parliament.uk/archived/petitions/48352>

Glæpavæðing samfélagsins

Þróun raforkumálanna, og þverrandi fullveldi á Íslandi, er hluti af stærra, alþjóðlegu samhengi. Vaxandi markaðsvæðing grunnþjónustu, húsnæðismálanna, fjármálastofnana, og auknar álögur á almenning, eru allt þættir sem einkenna ástandið nú á tímum. Glæpavæðing er allsráðandi, áhrif stórfyrirtækja. Glæpavæðingin hefur í för með sér minnkandi rétt almennings. Sá sem leyfir sér að gagnrýna öfugþróuninina er sakadur um „hatusorðræðu“. Næsta skref verður það að berja niður, af hörku, alla gagnrýni yfirleitt. Hvers vegna ættu menn líka að gagnrýna stjórnvísu „góða fólksins“? Auknum áhrifum og völdum stórfyrirtækja og fjármagns fylgja sterk ruðningsáhrif. Þau lýsa sér í minnkandi völdum almennings. Hafi lýðræðið virkað illa áður er búið að aftengja það nú. Vilji almennings er virtur að vettugi. Þjófræði tekur við af lýðræði.

Að lokum

Undirlægja íslenskra ráðamanna hefur vakið athygli margra. Þegar sú staða kemur upp að velja þarf á milli þjónkunar við erlent vald og þjóðarhagsmuna er þjónkunin við erlenda valdið næstum ævinlega tekin fram yfir. Hvað veldur því er ekki einfalt mál að útskýra. Þrýstingur peningavaldsins ræður vafalaust miklu þar um. Annað mikilvægt atriði eru persónulegir hagsmunir. Íslenskur ráðherra sem ekki dansar með hefur þar með útilokað möguleika sína á stöðu hjá t.d. NATO eða Sameinuðu þjóðunum. Þetta er gamla íslenska hugsunin um að koma sér vel við valdið og styggja það ekki. Þriðja skýringin er dáðleysi sem einkennir marga íslenska ráðamenn. Undanfarin ár hefur þetta birst sem undirlægja gagnvart Evrópusambandinu og nú Sameinuðu þjóðunum (WHO) og er með hreinum ólíkindum. Góðar stundir!